



Nefndarálit velferðarnefndar um

## **ráðherranefndartillögu um breytingar á Arjeplogsamningnum um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna.<sup>1</sup>**

### **Tillaga**

Velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að Norræna ráðherranefndin ákveði að gera breytingar á samningnum um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna í samræmi við ráðherranefndartillögu sem lögð hefur verið fyrir Norðurlandaráð;

að þegar tveggja ára reynsla hefur fengist af rekstri IMI, viðvörunarkerfis ESB,<sup>2</sup> verði gerð úttekt á því hvort kerfið fullnægi þörfum Norðurlanda fyrir upplýsingaskipti í því skyni að koma í veg fyrir að öryggi sjúklinga sé stefnt í voða;

að norrænu löndin íhugi að koma á norrænni rafrænni skrá fyrir löggilt starfsfólk í heilbrigðisþjónustu og á sviði dýralækninga o.fl. á Norðurlöndum eins og lýst er í *nefndartillögu um sameiginlega norræna rafræna skrá yfir lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga og annað löggilt fagfólk á heilbrigðissviði á Norðurlöndum og sjálfstjórnarsvæðunum (A 1506)* ef niðurstaða verður sú að IMI veiti ekki nægilega vernd eða sé ekki öruggt í rekstri.

### **Forsaga**

Ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál ræddi í október 2015 um að fella úr gildi samninginn um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir

---

<sup>1</sup> Arjeplogsamningurinn

<sup>2</sup> International Market Information System

ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna (Arjeplogsamninginn). Ástæðan fyrir því að fella Arjeplogsamninginn úr gildi var sem hér segir:

- Samningurinn endurspeglar ekki þær breytingar sem orðið hafa síðan 1993 á heilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum og einstaklingsbundnu þörfum sem þær skapa.
- Hreyfanleiki og frjáls för heilbrigðisstarfsfólks innan Norðurlanda er tryggð nægilega í reglum ráðstilskipunar 2005/36/EB (tilskipunar um viðurkenningu starfsréttinda) – sem öll Norðurlöndin hafa innleitt.
- Með því að fella norræna samninginn úr gildi má koma í veg fyrir að heilbrigðisstarfsfólk notfæri sér þegar minni kröfur eru gerðar í einu aðildarríki en öðru til viðurkenningar á starfsréttindum og til þess að starfa í heilbrigðisgreinum. Þetta kemur skýrt í ljós þar sem engin ákvæði eru í samningnum – andstætt viðurkenningartilskipuninni – um að ekki megi nýta reglurnar til þess að öðlast betri réttarstöðu en í námslandinu.
- Með því að fella norræna samninginn úr gildi er tekið fyrir vafa á túlkun eða tvíverknað í stjórnsýslu þeirra yfirvalda í aðildarríkjum sem sjá um veitingu starfsréttinda.
- Veiting starfsleyfa í samræmi við ráðstilskipunina 2005/36/EB eykur möguleika einstakra landa til þess að tryggja öryggi sjúklunga eins og þörf krefur þar í landi.

Ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál (MR-S) ákvað engu að síður að kanna afleiðingar þess að fella samninginn úr gildi, einkum fyrir tilkynningaskyldu um heilbrigðisstarfsmenn og réttarstöðu Álandseyja, Færeyja og Grænlands, áður en tekin yrði endanleg ákvörðun um hvort fella skyldi samninginn úr gildi.

Norrænn vinnuhópur um heilbrigðisstéttir afhenti í apríl 2015 niðurstöður sínar sem eru þær að þótt samningurinn verði felldur úr gildi myndi það ekki bitna á skiptum norrænu landanna á eftirlitsupplýsingum eða heimild eftirlitsyfirvalda til þess að afturkalla viðurkenningu þegar fyrsta starfsleyfið er afturkallað, eins og kveðið er á um í ESB-tilskipuninni 2005/36 um viðurkenningu starfsréttinda. Vinnuhópurinn komst einnig að þeirri niðurstöðu að niðurfelling samningsins myndi hafa áhrif á tækifæri hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða, sem eru menntaðir í Færeyjum og á Grænlandi, til þess að fá sjálfkrafa viðurkenningu á starfsmenntun sinni og hæfi í Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð þar sem Grænland og Færeyjar eru ekki aðilar að ESB.

Á grundvelli könnunarinnar ákvað ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál (MR-S) á fundi sínum 9. september 2015 að fella samninginn ekki úr gildi heldur breyta honum á þá leið að hann kveði aðeins á um gagnkvæma viðurkenningu á starfsréttindum og hæfi hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða og ennfremur að viðurkenningar verði veittar á sömu forsendum og kveðið er á um í ESB-tilskipuninni um gagnkvæma viðurkenningu á starfsréttindum og hæfi. Eina markmiðið með breytingunum er að tryggja að hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar, sem menntaðir eru í Færeyjum og á Grænlandi, geti starfað á Norðurlöndum á sömu forsendum og ESB-borgarar, rétt eins og hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar, sem menntaðir eru annars staðar á Norðurlöndum, geta starfað á Grænlandi og í Færeyjum.

#### Upplýsingakerfið um innri markaðinn (IMI)

Í Arjeplogsamningnum segir að ef til þess bær yfirvöld afturkalla viðurkenningu til starfsmanns, sem fengið hefur viðurkenningu í öðrum samningsríkjum, skal tilkynna hlutaðeigandi yfirstjórnnum í viðkomandi samningsríkjum um afturköllunina og ástæður hennar. Slíkar tilkynningar skal einnig senda ef réttur starfsmanns til að ávísa lyfjum eða áfengi frá

Norðurlandaráð

**B 304/velfærd**

Til umfjöllunar í:  
Velferðarnefnd

Málsnúmer 15-00216-3

lyfjabúð hefur verið takmarkaður eða hann hefur sjálfviljugur afsalað sér þeim rétti eða rétti til þess að inna af höndum starf sitt.

Norðurlandaráð

Í 56a. gr. ESB-tilskipunarinnar er kveðið á um nákvæmlega sömu skyldu. Tilkynningum um afturköllun viðurkenningar, sem yfirvöldum viðkomandi samningsríkis ber skylda til að veita öðrum samningsríkjum samkvæmt Arjeplogsamningnum, er þeim einnig skylt að miðla samkvæmt nýrri 56a. gr. í hinni endurskoðuðu ESB-tilskipun. Greinin í ESB-tilskipuninni kveður einnig á um þriggja daga frest, sem til þess bær yfirvöld hafa til þess að upplýsa önnur samningsríki og því er um að ræða strangari kröfur til yfirvalda en gerðar eru í Arjeplogsamningnum. Í ESB-tilskipuninni er einnig að finna ákvæði um viðvörunarkerfi þar sem aðildarríkin fá tilkynningu um afturköllun starfsleyfis gegnum sameiginlegt upplýsingakerfi um innri markaðinn (IMI).

**B 304/velfærd**

Til umfjöllunar í:  
Velferðarnefnd

Málsnúmer 15-00216-3

Í Arjeplogsamningnum er einnig kveðið á um skyldu til þess að tilkynna hinum norrænu löndunum um ástæðu afturköllunar starfsleyfis. Slík skylda er ekki nefnd í ESB-tilskipuninni en tilkynning um ástæðuna gengur þannig fyrir sig í dag að upplýsingarnar eru ekki sendar um leið og tilkynningin um afturköllun heldur eru þær sendar síðar ef eftirlitsyfirvöld annarra Norðurlanda óska eftir því. Viðkomandi eftirlitsyfirvöld eru í því sambandi bundin af eigin reglum um upplýsingaskipti. Tilkynningar um ástæðu afturköllunar munu geta haldið áfram á sama hátt þrátt fyrir breytingar á Arjeplogsamningnum.

#### Starfsstéttir sem um er að ræða

ESB-tilskipunin á við um allar sömu starfsstéttir í heilbrigðisþjónustu og nefndar eru í Arjeplogsamningnum, þeirra á meðal lækna, hjúkrunarfræðinga, tannlækna, lyfjafræðinga og ljósmæður. (Aðeins) menntun hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða er í boði á Grænlandi og í Færeyjum. Þar sem Grænlandingar og Færeyingar eru ekki aðilar að ESB nær ESB-tilskipunin ekki til þessara starfshópa og er það ástæða þess að ákveðið var að fella ekki Arjeplogsamninginn úr gildi heldur gera breytingar á honum. Markmiðið með breytingum á Arjeplogsamningnum er því eingöngu að gera heilbrigðisstarfsfólki, sem er menntað á Grænlandi og í Færeyjum, kleift að starfa á Norðurlöndum og gagnkvæmt á sömu forsendum og kveðið er á um í ESB-tilskipuninni. Næði ESB-tilskipunin einnig til Grænlands og Færeyja væri hægt að fella norræna samninginn úr gildi. Taka skal fram að embættismannanefndin um félags- og heilbrigðismál (EK-S) fór þess á leit, í tilefni umsagnarferlis sem hún efndi til í löndunum um breytingar á Arjeplogsamningnum, að haft yrði samband við dýralækningayfirvöld til þess að tryggja að breytingar á Arjeplogsamningnum hefðu ekki hafa áhrif á starfsstéttir á þeirra sviði.

#### Gildistaka Arjeplogsamningsins og innleiðing ESB-tilskipunarinnar

Ákveði ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál (MR-S) að breyta samningnum eftir að ráðherranefndartillagan hefur verið afgreidd á þingi Norðurlandaráðs í október, ber að hefja staðfestingarferli sem getur verið ólíkt eftir löndum. Þegar öll löndin hafa tilkynnt vörsluríki samningsins (Svíþjóð) að samningurinn sé samþykktur er tilkynnt um gildistöku samningsins. Núverandi Arjeplogsamningur gildir þangað til öll löndin hafa samþykkt hinn breytta Arjeplogsamning. Öll norrænu löndin skulu hafa innleitt hin nýju ákvæði ESB-tilskipunarinnar eigi síðar en 18. janúar 2016. Því myndast engin eyða milli innleiðingar ESB-tilskipunarinnar og gildistöku hins breytta Arjeplogsamnings.

Gildandi ESB-tilskipun verndar einnig öryggi sjúklinga og getur staðið sjálfstætt án Arjeplogsamningsins. Hvorki ESB-tilskipunin né Arjeplogsamningurinn kveða á um viðvörunarkerfi. Endurskoðuð ESB-tilskipun sem innleidd verður 18. janúar 2016 nefnir hins vegar

viðvörunarkerfi sem tryggji að öll ESB-löndin upplýsi önnur ESB-lönd um fagfólk ef starfsemi þeirra hefur verið takmörkuð í viðkomandi landi, einnig tímabundið, af yfirvöldum viðkomandi lands eða dómstólum, sbr. 56a. gr. Upplýsingarnar berast gegnum IMI sem öll löndin hafa aðgang að. Tekið er eftir því að til þess bær yfirvöld í norrænu löndunum munu halda áfram að vinna saman að málefnum farandstarfsfólks, einnig eftir að breytingar hafa verið gerðar á Arjeplogsamningnum.

Norðurlandaráð

## B 304/velfærd

Til umfjöllunar í:  
Velferðarnefnd

Málsnúmer 15-00216-3

ESB- og EES-löndin eiga samstarf gegnum framkvæmdastjórnina um að tryggja að framkvæmd tilskipunarinnar verði einleit og gangi rétt fyrir sig. Löndin eru skyldug til þess að innleiða tilskipunina gjörsamlega í samræmi við texta tilskipunarinnar. Tilskipunartextann er ekki hægt að túlka á ólíka vegu og einkum er textinn um viðvörunarkerfið afar skýr. Hina endurskoðuðu tilskipun verður að innleiða eigi síðar en 18. janúar 2016 og á það við um öll aðildarríkin.

### Sjónarmið velferðarnefndar

Velferðarnefndin, rétt eins og efnahags- og viðskiptanefndin og stjórnsýsluhindranahópurinn, hefur fylgst með og látið í ljós áhyggjur sínar af áformum ráðherranefndarinnar um að fella Arjeplogsamninginn úr gildi eða breyta honum. Áhyggjurnar hafa snúist um hvort breytingar eða uppsögn myndu torvelda hreyfanleika ákveðinna starfsstétta innan Norðurlanda. Nefndunum höfðu borist viðvaranir frá ytri hagsmunaaðilum en þeir hafa gefið í skyn að hætta væri á því að ESB-tilskipunin um viðurkenningu starfsréttinda næði ekki til allra sömu starfsstétta og Arjeplogsamningurinn. Nefndirnar veltu því fyrir sér hvort ekki væru aðrar aðferðir til þess að tryggja öryggi sjúklinga en að fella Arjeplogsamninginn úr gildi eða breyta honum. Það liggur ljóst fyrir að tillagan að breytingum á Arjeplogsamningnum nær eingöngu til ákveðinna starfshópa í heilbrigðisstétt. Engu að síður var einnig dýralæknum gefinn kostur á að tilkynna um hugsanleg vandkvæði vegna breytinga á Arjeplogsamningnum. Engin viðbrögð þess efnis hafa borist frá löndunum.

Nefndirnar hafa einnig áhyggjur af því að innleiðing hinnar endurskoðuðu ESB-tilskipunar um viðurkenningu á starfsréttindum og hæfi muni koma ólíkt eða ósamstíga til framkvæmdar í löndunum, og því geti myndast eyða milli innleiðingar tilskipunarinnar og breytinganna á Arjeplogsamningnum.

Á fundunum í september ákváðu nefndirnar að senda félags- og heilbrigðismálaráðherrunum nokkrar skriflegar fyrirspurnir til þess að fá svör um þessar hættur. Svör hafa borist frá dönsku formennskunni og því þykir ekki ástæða til þess að senda skriflegar fyrirspurnir til ráðherranna.

Samkvæmt þeirri ráðherranefndartillögu sem nú liggur fyrir verður gerð úttekt á hinum endurskoðaða Arjeplogsamningi að þremur árum liðnum. Vilji svo ólíklega til að vandamál komi upp í sambandi við samninginn eins og honum er lýst í ráðherranefndartillögunni, er alltaf hægt að lagfæra samninginn.

Velferðarnefndin skráir hjá sér að öryggi sjúklinga er ábótavant í dag. Læknum og öðrum heilbrigðisstarfsfólki tekst sífellt að notfæra sér gloppur í kerfunum á þá vegu að starfsmaður sem hefur misst starfsleyfi í einu landi eða fengið viðvaranir í öðru norrænu landi getur ferðast áfram og án hindrana haldið áfram að vinna við sitt fag annars staðar á Norðurlöndum þannig að lífi og heilsu sjúklinga er stefnt í voða fyrir vikið.

Velferðarnefndin getur ekki dæmt um hvort viðvörunarkerfi ESB, IMI, muni takast að koma í veg fyrir að slíkt komi fyrir framvegis. Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að við á Norðurlöndum höfum áfram rétt og tækifæri á að skapa norrænt skráningarkerfi yfir heilbrigðisstarfsfólk o.fl. samkvæmt *nefndartillögu um sameiginlega norræna rafræna skrá yfir*

*lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga og annað löggilt fagfólk á heilbrigðissviði á Norðurlöndum og sjálfstjórnarsvæðunum (A 1506) ef í ljós kemur að IMI-kerfið hafi greinilega galla og starfi ekki sem skyldi. Það er ekki síst mikilvægt að IMI skrái eingöngu og skipti á upplýsingum um lækninga/starfsleyfi sem hafa verið afturkölluð en hvorki skrái né skipti á upplýsingum um aðrar tilkynningar eða athugasemdir sem gerðar hafa verið út af starfsfólki.*

Með tilliti til óska ríkisstjórnanna um að geta brugðist hratt við vegna öryggis sjúklinga hafa ráðherranefndin og ráðið lagt sig fram við að hraða ferlinu. Að svo stöddu þykir sennilegt að þær breytingar á Arjeplogsamningnum, sem lýst er í ráðherratillögum, skapi hvorki vanda né áhættu fyrir öryggi sjúklinga og hreyfanleika.

Reykjavík 27.október 2015

*Arja Juvonen (saf)*  
*Bente Stein Mathisen (H)*  
*Christian Beijar (ÅSD)*  
*Christian Juhl (E)*  
*Jenis av Rana (Mfl)*  
*Karen J. Klint (S)*  
*Katri Kulmuni (cent)*

*Krista Mikkonen (cent)*  
*Lennart Axelsson (S)*  
*Maria Stockhaus (M)*  
*Penilla Gunther (KD)*  
*Richard Jomshof (SD)*  
*Sonja Mandt (A)*  
*Vigdís Hauksdóttir (F)*

Norðurlandaráð

**B 304/velfærd**

Til umfjöllunar í:  
Velferðarnefnd

Málsnúmer 15-00216-3